

DEILISKIPULAG

STÍGUR UM KÓPAVOGSHÁLS

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

2 af 2

Umhverfisskýrsla
Hér er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulags- laga (123/2010). Ekki er talið að breytingar sem skipulagið hefur í för með sér hafi neikvæð umhverfisáhrif. Líklegt er að áhrifin verði almennt jákvæð á umhverfisþætti.

Verndun og minjar:
Mörk deiliskipulagsins eru að fullu utan friðlýstra svæða og raskar skipulagið engum minjum. Nýr hjóleiðastígur liggur samhliða núverandi göngustíg í jaðri hverfisverndar en Kópavogsbærinn og Hressingarhælið er friðlýst en túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi að sjó er hverfisverndað í Aðalskipulagi. Í gildandi Aðalskipulagi Kópavogs segir m.a. um hverfisvernd: „Tryggja skal aðgengi að vernduðum svæðum ásamt því að hlutar verði upplýstir um sérkenni þeirra og gildi, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðslufni á heimasíðu bæjarins í samræmi við heimsmarkmið 11.4 um verndun náttúru og menningararfleifðar.“

Hjólastígur um hið hverfisvermdaða svæði tryggir gott aðgengi að því án þess að ró á svæðinu sé raskað með akandi umferð. Skipulagið hefur því jákvæð áhrif á hið hverfisvermdaða land.

Staðhættir og röskun lands:
Svo til allt svæðið innan skipulagsmarka er nú þegar raskað land. Eitt markmið skipulagsins er að nýta byggt land og núverandi innviði sem best, laga umfang mannvirkja að aðsteðum og stuðla að fjölbreyttum ferðamátum.

Áhrif á loftslag, vatn og vistkerfi
Hjóleiðar er skilvirkasti umferðarmáti í þéttbýli. Með þettum innviðum fyrir hjóleiðar er möguleiki á að draga úr aukningu bílaumferðar til framtíðar og minnkar þannig hjóð- og loftmengun. Bættir göngu- og hjólastigar eru til þess fallnir að hvetja til virkra ferðamáta, draga úr bílaumferð og bæta almenna lýðheilsu.




Deiliskipulagið er líklegt til leiða til jákvæðra áhrifa á ásynd gatna þar sem götugögn og yfir- borchönnun svæðis eru samrend í eina samþætta heild. Einnig er trjágróður meðfram stígum líklegur til að bæta ásynd, veita skjól og auka umhverfisleg gæði svæðisins sem annars er að mestu innan helgunarsvæðis Hafnarfjarðarvegar.

Vinnuferli og samráð
Helstu umsagnaræðilar deiliskipulagsins eru Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Garðabær, Reykja- vikurborg, veitufyrirtæki með þjónustu á svæðinu, Sunnuhlíðarsamtökin, lóðarhafar aðliggjandi lóða, Landsamband hjóleirðamanna og nefndir og ráð Kópavogsbæjar.

Ferill skipulagsgerðar og málsmeðferð
Á fundi 18. mars 2024 samþykkti skipulagsráð Kópavogsbæjar að forkynna skipulagstillögu í vinnslu. Haldin var opin kynningarfundur um skipulagstillögu þann 29. maí 2024 á skrifstofu Kópavogsbæjar.

Átta umsagnir bárust á kynningartíma. Brugðist var við ábendingum Sunnuhlíðarsantakanna og Landsambands hjóleirðamanna. Í öðrum umsögnum voru ekki gerðar efnislega athugasemdir við inntak skipulagsins.

Á fundi 15. júlí 2024 samþykkti skipulagsráð Kópavogsbæjar með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa deiliskipulag að göngu- og hjólastíg um Kópavogsháls.



- SKIPULAGSSKÝRINGAR**
- deiliskipulagsmörk
 - almenn akbraut
 - göngustígur / gangstétt / blandaður stígur
þar sem samkv. íslenskum umferðarlögum má hjóla á gangstéttum
 - hjólastígur / hjóleir
aðgreining hjólastefna eins og línur og örvar sýna
 - stígar skarast / blandaðir stígar
blönduð umferð hjólandi og gangandi
 - hellulagðir stígar og áningarsvæði
gegndræpt yfirborð, náttúruleg áferð
 - græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota
þ.m.t. hellulagt gangstéttarrými
 - upphækkuð gönguþverun akbrautar
yfirborð og þveranir gangandi og hjólandi skilgreinist við gatnahönnun
 - götukantur
 - niðurtekinn götukantur
 - hijóðveggur
 - stoðveggur hlaðinn eða steypdur eftir atvikum
 - miðlína Hafnarfjarðarvegar og 30 m helgunarsvæði
skv. IS 50V grunni LMI í janúar 2024
 - leyfðar akstursstefnur (til skýringar)
 - bekkir, tré og annar gróður í göturými
leiðbeinandi, nánar ákveðið við landslags-, umferðar- og gatnahönnun
 - yfirborðsmerkingar, umferðarforgangur og lýsing
leiðbeinandi, nánar ákveðið við umferðar- og gatnahönnun
 - aflögð lóðarmörk
 - ný lóðarmörk liggja í skipulagsmörkum
 - 1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs

- KORTASKÝRINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆDIS**
- lóðir og lóðarmörk
skv. teikningunni Kópavogs 2023
 - byggingar
skv. landupplýsingakerfi Kópavogs við staðfestingu skipulags
 - græn svæði / opin svæði utan skipulagssvæðis
skv. teikningunni, samþykktu skipulagi og loftmyndum
 - hverfisvernd
skv. aðalskipulagi
 - svæði friðlýstra mynna
skv. teikningunni Kópavogs 2024
 - akbraut og götukantur
skv. teikningunni
 - gangstétt / stígar
skv. teikningunni Kópavogs og loftmyndum
 - blástæði á lóðum og í göturými
skv. hönnun, loftmyndum, mæliblöðum eða aðaluppdráttum

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING
Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann _____ 2024
og í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 2024.

Tillagan var auglýst frá _____ 2024
með athugasemdafrest til _____ 2024.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt _____ 2024.
í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2024.

Skipulagsgögn:
Skipulagsuppdrættir og greinargerð á tveimur A1 blöðum.

Kortagrunnar:
Skipulagssvæði og nágrenni: Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022.
Götuhétt og staðföng: LUKR: Miðlina Hafnarfjarðarvegar: LMI
Líðar gögn Kópavogsbæjar í mars 2024.

Hnitakerfi: ISN93 **Kvarði:** 1:500 (A1)

2		
1	18.07.2024	Skipulagstillaga til auglýsingar
Útg.	Dags	Tíðni
		Deiliskipulag
		Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 2513 Deiliskipulag hjólastíga um Kópavogsháls 2 af 2 Dagsetning: 18.07.2024

Skipulag: OG Yfirfarið: RÞÞ / KHK

